



ÍSAFJARÐARBÆR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

GISTISTAÐIR, VERSLANIR OG VEITINGAHÚS ÓVERULEG BREYTING

GREINARGERD

Inngangur

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér minni háttar breytingar á greinargerð gildandi aðalskipulags en skipulagsuppráttar helst óbreyttar. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2.2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3.2010.

Ástæður breytingar

Breytingin er tvíbætt og snýr að þjónustustarfsemi.

Annars vegar er um að ræða breytingu á hafnarsvæði K1. Hins vegar er gerð breyting á ákvæðum fyrir öll íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ varðandi gistiþjónustu. Aðalskipulagsbreytingin er gerð í kjölfar breytingar á lögum um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald nr. 85/2007 sem öðlaðist gildi 1. janúar 2017. Í gildandi aðalskipulagi eru engin ákvæði sem varða gistiþjónustu á íbúðarsvæðum, þrátt fyrir að bar séu í gildi leyfi fyrir rekstur gistiða. Ákvæðin eru sett til að bregðast við lagabreytingunni. Gert er ráð fyrir að við fyrirhugaða heildarendurskoðun aðalskipulagsins verði sett heildstæð stefna um rekstur gistiða í sveitarfélagini.

Markmið breytingarinnar er að skerpa á áherslum skipulagsins um að stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi.

Áhrif

Ákvæðin sem sett eru fyrir íbúðarsvæði fela ekki í sér breytingar miðað við númerandi stöðu og hafa því óveruleg áhrif.

Breyting á starfsemi á hafnarsvæði K1 er í samræmi við númerandi stöðu og er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila. Breytingin er í samræmi stefnu aðalskipulagsins um efplingu þjónustu í sveitarfélagini.

Breyting á greinargerð

Hafnarsvæði - K1

Aðalskipulagsbreytingin felst í að nýju ákvæði fyrir hafnarsvæði K1 er bætt inn í töflu 8.1 í greinargerð skipulagsins. Gert er ráð fyrir að rýmka heimildir fyrir þjónustu sem er í góðum tengslum við miðsvæði M4, þ.e. þær lóðir sem liggja við Sindragötu. Breytingin er í samræmi við númerandi stöðu á svæðinu og áherslur gildandi skipulags um það að tengja miðbæinn við m.a. hafnarsvæðið.

Tafla a. Gildandi aðalskipulag – úr töflu 8.1 Hafnarsvæði í Ísafjarðarbæ.

| | | |
|----|--|--|
| K1 | Hafnarsvæði við Sundahöfn og nágrenni á Ísafirði / 13,5 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir. | Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á sjávarútveg, iðnað og flutninga. Á iðnaðarsvæði á Mávagarði er gert ráð fyrir olíubirgðastöð og skal nýting hafnarsvæða þar taka mið af nálægð við hana. |
|----|--|--|

Tafla b. Breytt aðalskipulag – úr töflu 8.1 Hafnarsvæði í Ísafjarðarbæ.


| | | |
|----|--|--|
| K1 | Hafnarsvæði við Sundahöfn og nágrenni á Ísafirði / 13,5 ha. Sjá einnig kafla 12.7 um hafnir. | Gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á sjávarútveg, iðnað og flutninga. Á iðnaðarsvæði á Mávagarði er gert ráð fyrir olíubirgðastöð og skal nýting hafnarsvæða þar taka mið af nálægð við hana. Svigrúm fyrir verslanir og veitingahús við Sindragötu á hafnarsvæði K1. Hlutfall rýmis fyrir slíka þjónustu skal ekki vera meira en 20% af heildarbyggingarmagni innan þess svæðis sem liggur að Sindragötu. Gæta skal þess að starfsemin valdi sem minnstri trulun á annari starfsemi á hafnarsvæðinu. |
|----|--|--|

Íbúðarsvæði

Aðalskipulagsbreytingin felst í því að eftirfarandi ákvæðum fyrir öll íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ er bætt inn í lok kaflans 7.4.2 íbúðarsvæði:

Á íbúðarsvæðum er heimilt að endurútgefa leyfi fyrir starfsemi í flokki II samkvæmt lögum um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald nr. 85/2007, þ.e. gistiði án veitinga. Gæta skal þess að starfsemin valdi sem minnstum óþægindum í íbúðarbyggð. Ætti er heimilt að veita ný leyfi fyrir slíka starfsemi innan íbúðarsvæða.

Upplráttur breytist ekki og aðalskipulagið helst að óðru leyti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytingu.



SKÝRINGAR

| | |
|-------------|----------------------------------|
| [Color Box] | Svæði fyrir íbúðabyggð |
| [Color Box] | Svæði fyrir þjónustustofnanir |
| [Color Box] | Miðsvæði |
| [Color Box] | Athafnasvæði |
| [Color Box] | Iðnaðarsvæði |
| [Color Box] | Hafnarsvæði |
| [Color Box] | Opin svæði til sérstakra nota |
| [Color Box] | Vötn, ár og sjór |
| [Color Box] | Hverfisverndarsvæði |
| [Color Box] | Þjóðminjaværndarsvæði |
| — | Stofnbrautir |
| — | Tengibrautir |
| — | Safnbrautir |
| | Húsagötur - sýndar til skýringar |
| -@- | Gönguleiðir |
| -@- | Fjarskipti í jörð |
| -@- | Fráveita í jörð |
| -@- | Hitaveita í jörð |
| -@- | Rafveita í jörð |
| -@- | Vatnsveita í jörð |
| IV | Sendar |

SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð

skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

þann 28.03.2019

BÆJARSTJÓRI
ÍSAFJARDARBAEJAR

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann 28.03.2019

Aðalskipulagsbreyting þessi var

staðfest af Skipulagsstofnun þann 8.04.2019

16.9.2019
Texti lagfærður eftir samþykkt bæjarstjórnar.

VERKÍS

DAGS.: 20. FEB. 2019 MKV.: 1:10.000 BLAÐST.: A3
VERKFANG: 16165-007 TEIK: EBK RÝNT: PRS